
Fundargerð



ÍSLENSKI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Ársfundur Íslenska lífeyrissjóðsins, haldinn þann 20. maí 2015,
kl. 17:00 í höfuðstöðvum Landsbankans, Austurstræti 11,
155 Reykjavík.

Atli Atlason, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Borgar Þór Einarsson, hdl., í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við tilnefninguna.

Borgar tók við stjórn fundarins og byrjaði á að kanna lögmæti hans. Skv. samþykktum sjóðsins, gr. 6.1., skal boða til ársfundar með sannanlegum hætti með þriggja vikna fyrirvara. Fundurinn var auglýstur í Fréttablaðinu 28. apríl 2015 og á vef Íslenska lífeyrissjóðsins og Landsbankans 13. Apríl 2015. Fundarstjóri lýsti því yfir að um eðlilega og lögmæta boðun væri að ræða, engar athugasemdir komu úr sal og lýsti fundarstjóri fundinn löglegan. Hann tilnefndi Margréti Sigurbjörnsdóttur, starfsmann Landsbankans, sem fundarritara. Ekki voru gerðar athugasemdir við tilnefninguna. Fundarstjóri fór síðan yfir dagskrá fundarins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
2. Kynning á ársreikningi
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun
4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn
6. Kosning endurskoðanda
7. Tillögur um breytingar á samþykktum
8. Laun stjórnarmanna
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri gaf Atla Atlasyni, formanni stjórnar, orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Hann bauð sjóðfélaga velkomna og þakkaði þeim fyrir að mæta á fundinn.

Formaður sagði að árið 2014 hefði verið gott ár og ávöxtun deilda góð. Hann sagði að skuldbindingar samtryggingardeildar væru áfram í góðu jafnvægi á móti eignum sjóðsins. Hann sagði markmið stjórnar að tryggja hagkvæman og öruggan rekstur sjóðsins, tryggja góða ávöxtun eiga og skila sjóðfélögum góðum lífeyrisréttindum.

Fram kom í máli formanns að 13 stjórnarfundir hefðu verið haldnir á liðnu starfsári auk ársfundar. Hann sagði einnig frá endurskoðunarnefnd en nefndin hélt 7 fundi á starfsárinu.

Formaður fór yfir þóknun sjóðsins til rekstraraðila, stjórnarlaun á síðasta ári og tillögu um hækkun í takt við almenna launaþróun.

Fram kom að fjöldi sjóðfélaga hefði verið rúmlega 28.500 í lok árs en voru tæplega 27 þús. í byrjun árs. Virkir sjóðfélagar væru 9.226 í árslok samanborið við 8.399 árið 2013. Þetta væri viðsnúningur þar sem sjóðfélögum hefði fækkað á árunum 2008 til 2013. Markmið stjórnar væri að auka hlut lögbundins lífeyrissparnaðar en í dag eru 80% eigna í séreignardeildum sjóðsins.

Formaður fór yfir úrræði ríkisstjórnar til úttektar en frá árinu 2009 til ársloka 2014 var úttekt úr sjóðnum vegna sérstöku útgreiðslunnar rúmlega 10 ma.kr. Einnig hafi tímabundin lækkun frádráttabærs iðgjalds launþega í viðbótarlífeyrissparnað úr 4% í 2% haft áhrif á inngreiðslur í sjóðinn.

Hann fór yfir nýtt úrræði um greiðslur séreignarsparnaðar til innborgunar á íbúðaláni og til húsnæðissparnaðar og sagði að þegar hefðu um 405 milljónir verið greiddar inn á húsnæðislán hjá 1.990 sjóðfélaga.

Fram kom í máli formanns að Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefði ákveðið að breyta forsendum útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrisjóða og að gera mætti ráð fyrir að nýjar töflur um lífslíkur kæmu til með að hafa áhrif á sjóðinn eins og aðra lífeyrissjóði.

Að lokum þakkaði formaður þeim sem starfað hafa með stjórn sjóðsins, framkvæmdastjóra, sjóðstjóra og öðrum fyrir vel unnin störf í þágu hans.

2. Kynning á ársreikningi

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins, orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2014. Ólafur sagði að ársreikningurinn hefði verið áritaður af óháðum endurskoðenda þann 17. apríl 2015.

Framkvæmdastjóri fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, hækkun á hreinni eign sem var 9% á milli ára, frá 2009 hefur hrein eign vaxið um 73% en lífeyrissjóðakerfið um 67% og séreignarsjóðir um 65%. Hann fór yfir þróun lífeyrisbyrði með og án fyrirframgreiðslu, en sérstök fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar sýnir lífeyrisbyrði. Lífeyrisbyrði án fyrirframgreiðslu hefur þyngst og er helsta ástæða möguleiki á eingreiðslu við 60 ára aldur í stað þess að dreifa útgreiðslum á 7 ár. Sjóðurinn hefur samtals greitt út 10,5 ma.kr í fyrirframgreiðslu frá árinu 2009. Lífeyrisbyrði samtryggingardeildar árið 2014 var 6,3%, skýrist það af lágum meðalaldri sjóðfélaga og því að fáir eru byrjaðir að taka út ellilífeyri.

Framkvæmdastjóri fór yfir skrifstofu- og stjórnunarkostnað. Hann hefur lækkað hlutfallslega vegna nýs rekstrarsamnings sem gerður var um mitt ár 2013 þegar föst þóknun var lækkuð úr 0,42% í 0,28%. Hann fór yfir árangurstengda þóknun, en hún var 23,9 milljónir eða 0,05% af hreinni eign sjóðsins.

Framkvæmdastjóri fór yfir eignir sjóðsins, sjóðstreymi sjóðsins, skýringar í ársreikningi sjóðsins og vöxt deilda. Að lokum fór framkvæmdastjóri yfir sögulega raunávöxtun deilda, skiptingu eigna eftir gjaldmiðlum, fjölda virkra sjóðfélaga, fjölda lífeyrisþega og að síðustu hlutfallslega skiptingu lífeyris þar sem fram kom að fyrirframgreiðsla séreignarsparnaðar var 68,5% af útgreiðslu lífeyris.

3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun

Fundarstjóri gaf næst orðið Bjarna Guðmundssyni, tryggingarstærðfræðingi sjóðsins. Bjarni gerði grein fyrir tryggingafræðilegri athugun sjóðsins á árinu 2014 og forsendum hennar. Bjarni sagði athugunina eingöngu lúta að samtryggingardeild sjóðsins. Samtryggingin væri tiltekin eign í samræmi við samþykktir sjóðsins og að athugunin væri samanburður á eignum lífeyrissjóðsins og verðmæti iðgjalda við skuldbindingar sjóðsins til lífeyris.

Bjarni vék því næst að tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins í lok árs 2014. Bar hann saman áunnin réttindi og framtíðariðgjöld og sýndi í töflum. Fram kom í máli hans að áunnin réttindi næmu 8,4 m.kr. Heildarstaða sjóðsins er -0,5%. Reikniforsendur sömu og árið 2014. Breyting milli ára er sú að áfallin staða batnar úr -1,1% í -0,1% en framtíð versnar úr 0,0% í -0,8%. Hann skýrði ástæðu þessa. Hann fór yfir breytingar á reikniforsendum sem munu taka gildi við næstu tryggingafræðilegu athugun og mun kalla á breytingar hjá öllum lífeyrissjóðum.

4. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins

Fundarstjóri gaf næst orðið Pétri Péturssyni, sjóðstjóra sjóðsins, sem gerði grein fyrir fjárfestingarstefnu Íslenska lífeyrissjóðsins á árinu 2015. Fram kom í máli Péturs að fjárfestingarstefna ársins hefði verið samþykkt af stjórn sjóðsins 26. nóvember 2014.

Sjóðstjóri sagði að mikilvægt væri að stórt hlutfall sjóðsins væri í seljanlegum eignum m.a. vegna möguleika sjóðfélaga í séreign að flytja sig á milli vörsluaðila og heimild sjóðfélaga til úttektar í eingreiðslu við 60 ára aldurinn. Sagði hann það hlutfall vera um 87%.

Sjóðstjóri sagði að litlar breytingar hefðu verið gerðar á fjárfestingarstefnu frá fyrra ári og skýrði frá þeim breytingum.

Sjóðstjóri fór næst yfir þróun markaða og skýrði út með gröfum. Greindi hann frá árinu 2014 í hnotskurn. Hann fór yfir stýrivextir Seðlabanka og sagði að meðalverðbólga árið 2014 hafi verið 2,2%. Hann fór yfir sveiflur á innlendum og erlendum hlutabréfamarkaði árið 2014.

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir varðandi erindi 1 - 4. Enginn bað um orðið og engar athugasemdir komu fram varðandi fyrri liði. Ársreikningur var samþykktur samhljóma.

5. Kosning aðal- og varamanna í stjórn

Fundarstjóri kynnti fyrirkomulag kosninga til stjórnar.

Samkvæmt samþykktum þarf að kjósa tvo stjórnarmenn í aðalstjórn til tveggja ára. Í framboði voru:

Atli Atlason, viðskiptafræðingur.

Þórir Óskarsson, tryggingastærðfræðingur.

Engin annar hafði boðið sig fram og því voru þeir sjálfkjörnir til setu í stjórn sjóðsins.

Samkvæmt samþykktum þarf að kjósa einn varamann í stjórn til tveggja ára. Eitt framboð hafði borist:

Þorsteinn Fr. Sigurðsson.

Fundarstjóri lýsti eftir fleiri framboðum til varamanna sjóðsins. Svo var ekki og því var Þorsteinn sjálfkjörin varamaður.

Landsbankinn skipar einnig einn aðalmann og einn varamann til tveggja ára, Landsbankinn hefur ákveðið að skipa núverandi fulltrúa sína til áframhaldandi setu í stjórn, það eru Una Eyþórsdóttir sem er skipuð aðalmaður og Guðríður Sigurðardóttir sem varamaður til næstu tveggja ára.

6. Kosning endurskoðanda

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til, að fenginni tillögu endurskoðunarnefndar sjóðsins, að endurskoðandi sjóðsins árið 2015 verði Pálína Árnadóttir sem starfar hjá Deloitte. Ekki var gerð athugasemd af fundarmönnum.

Fundarmenn samþykktu tillögu stjórnar og lýsti fundarstjóri Deloitte, Smáratorgi 3 því réttkjörinn endurskoðanda Íslenska lífeyrissjóðsins fyrir árið 2015.

7. Tillögur um breytingar á samþykktum

Engar breytingartillögur bárust innan tímamarka og því ekki farið frekar í þennan lið.

8. Laun stjórnarmanna

Gerð var grein fyrir tillögu að launum stjórnar. Hljóðar hún svo:

Stjórn Íslenska lífeyrissjóðsins leggur til að stjórnarlaun verði 76.000 krónur á mánuði, tvöfalt fyrir stjórnarformann og ein og hálf stjórnarlaun fyrir varaformann. Varamenn fá greiddar 29.500 krónur í fasta greiðslu á mánuði auk 46.500 krónur til viðbótar fyrir hvern fund sem þeir eru boðaðir á í forföllum stjórnarmanns. Mánaðarleg þóknun til varamanns skal samt

aldrei vera hærri en sem svarar til launa stjórnarmannanna.

Tillagan felur í sér 5,6% hækkun sem er í takt við hækkun á launavísitölu.

Fundarstjóri bað fundarmenn að gefa merki ef einhver væri andsnúinn því að greiða atkvæði með handauppréttingu. Svo reyndist ekki vera. Tillagan var samþykkt samhljóma af fundarmönnum.

9. Önnur mál

Fundarstjóri kvað orðið laust. Enginn bað um orðið.

Fundarstjóri gaf því stjórnarformanni orðið. Hann þakkaði stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á árinu og sagði fundi slitið kl. 17:48.

Sjóðfélagar á fundi voru 19 og vægi atkvæða 0,55%.

